

Alþingi
Erindi nr. P 131/832
komudagur 22. / 8005



Samtök iðnaðarins
Federation of Icelandic Industries

Nefndasvið Alþingis
Iðnaðarnefnd
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 17. febrúar 2005

Efni: Tillaga til þingsályktunar um að efla fjárhag Byggðastofnunar, 468. mál.

Samtök iðnaðarins leggjast gegn því að þingsályktunartillagan verði samþykkt.

Að mati Samtaka iðnaðarins eru sértækar aðgerðir til stuðnings atvinnulífi, sem byggja á mismunun fyrirtækja eftir staðsetningu eða viðfangsefnum, ekki vænlegar til árangurs. Hyggilegra er að hafa stoðkerfi atvinnulífsins almennt og gegnsætt.

Það er varasamt að blanda saman aðgerðum sem í eðli sínu eru ólíkar. Hér skal sérstaklega bent á að óheppilegt er að blanda saman nauðsynlegum áhættufjárfestingum í nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum, ekki síst á sviði hátækni, og sérstökum aðgerðum sem stjórnvöld kjósa að grípa til til þess að viðhalda og styrkja byggð utan höfuðborgarsvæðisins. Sama gildir um aðgerðir, sem gripið er til í þeim tilgangi að örva fólk til þess að stofna til atvinnurekstrar, oft í hefðbundnum greinum, án þess að í rekstrinum felist sérstakt nýsköpunargildi eða mikil von um mjög ábatasaman og atvinnuskapandi rekstur.

Í greinargerð með tillögunni er gerð grein fyrir vanda Byggðastofnunar sem einkennist af því að miklar breytingar hafa orðið á lánamarkaði. Afleiðingin er sú að starfsemi Byggðastofnunar er í uppnámi.

Ekki verður séð að nein stefna hafi verið mörkuð innan stofnunarinnar eða utan um hvert hlutverk hennar skuli vera og hvaða ráðum skuli beitt til að ná settum markmiðum. Þess vegna er ekki skynsamlegt að veita auknu fjármagni til Byggðastofnunar. Tillagan ber því miður vott um að stofnunin ætli sér að fást við marga óskylda hluti og seilast í auknum mæli inn á ný svið. Eitt þeirra virðist vera áhættufjárfestingar í nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum.

Skortur á fé til nýsköpunar- og sprotafyrirtækja

Það er rétt sem kemur fram í greinargerðinni með þingsályktunartillögunni að nýsköpun krefst þolinmóðs fjármagns. Líka er rétt að skortur er á slíku fjármagni.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins hefur starfað við áhættufjárfestingar síðan 1998. Jafnframt hefur hann veitt styrki, lán og ábyrgðir. Í upphafi síðasta árs var honum mörkuð skýr stefna af stjórn hans og helstu bakhjörllum í atvinnulífinu ásamt ráðuneytum sjávarútvegs og iðnaðar. Horfið er frá öðrum verkefnum en þeim sem lúta að fjárfestingum með kaupum á hlutfé.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins er skilgreindur sem áhættufjárfestir sem tekur virkan þátt í þróun og vexti atvinnulífsins með því að fjárfesta í vænlegum nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins hefur að leiðarljósi að fjárfesta í fyrirtækjum þar sem vænta má mikils virðisauka og arðsemi

af starfseminni og góðrar ávöxtunar fyrir Nýsköpunarsjóð. Hagnaði Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins verður varið til uppbyggingar sjóðsins, frekari fjárfestinga í vænlegum nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum. Hann fjárfestir þar sem saman fara nýsköpunargildi, líkur á arðbærri starfsemi og skortur á nauðsynlegu áhættufé.


Samtök iðnaðarins telja að það hafi verið misráðið að um 350 milljónum króna var veitt til Byggðastofnunar árið 2003 til að fjárfestingar í nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum á landsbyggðinni. Í því fólst að gengið var framhjá þeim sem best eru til þess fallnir að annast þessa starfsemi og eru sérhæfðir í henni, takmörkuðu fjármagni er dreift og þar með eykst allur stjórnunar og umsýslukostnaður úr hófi. Þá virðast vera dregin ný landamæri á milli nýsköpunar- og sprotafyrirtækja eftir pósthúmerum. Ef fjárfestingar Nýsköpunarsjóðs eru skoðaðar kemur glögg í ljós að fyrirtæki utan höfuðborgarsvæðisins hafa síður en svo borið skarðan hlut frá borði.

Þegar ráðstöfun Byggðastofnunar er skoðuð kemur í ljós að af 23 fyrirtækjum sem fjárfest var í átti Nýsköpunarsjóður þegar hlut í 9 þeirra. Af fjárhæðinni fóru 54% til fjárfestingar í fyrirtækjum þar sem Nýsköpunarsjóður hafði þegar fjárfest.

Samtök iðnaðarins telja miklu nær að efla Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, sem ekki hefur haft bolmagn til fjárfestinga í nýjum verkefnum í meira en tvö ár, í stað þess að veita fé til Byggðastofnunar. Sú ráðstöfun getur ekki annað en falið í sér soun takmarkaðra fjármuna, minni sérhæfingu, óþörf skil milli höfuðborgar og landsbyggðar og þar með minni árangur en í ella við nauðsynlega nýsköpun í landinu.

Samtök iðnaðarins telja mikilvægt að móta stefnu fyrir starfsemi og verkefni Byggðastofnunar. Rétt væri að stofnunin einbeitti sér í auknum mæli að öðrum verkefnum en fjárfestingum í nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum, verkefnum sem eru óháð staðsetningu og falla að mótun og rannsóknum á atvinnupólitískum verkefnum. Þau verkefni þarf að skoða í samhengi við annað stuðningsumhverfi atvinnulífsins. Dæmi um verkefni af þessu tagi gætu t.d. verið úttektir á uppbyggingu þjónustu við fiskiskipaflotann á suðvesturhorni landsins, arðsemismat samgöngumannvirkja, úttekt á áhrifum breytinga á borð við færslu flutninga af sjó á land og upptöku olíugjalds og annað í þeim dúr.

SAMTÖK IÐNAÐARINS



Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri